



## Spáum að verðbólga verði áfram undir markmiði

Hagstofan birtir janúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) fimmtudaginn 30. janúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,4% lækkun milli mánaða. Gangi spáin eftir helst verðbólgan óbreytt í 2,0%.

VNV hækkaði um 0,11% milli mánaða í desember og mælist verðbólgan 2,0% samanborið við 2,7% í nóvember. Hækkunin milli mánaða var mun minni en búist var við, en opinberar spár lágu á bilinu +0,4% til +0,5%. Við höfðum spáð +0,4%.

### Helstu undirlíðir:

- Við búumst við því að janúarútsölur á **fötum og skóm** verði svipaðar og síðustu ár.
- Við eigum einnig von á að janúarútsölurnar á **húsgögnum og heimilisbúnaði** verði svipaðar og síðustu ár.
- Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði verð á **bensíni og díselolíu** um 2% milli mánaða. Heimsmarkaðsverð á olíu hefur verið að leita upp á við síðan í byrjun október vegna aukinnar spennu í Mið-Austurlöndum.
- Um áramót koma til gjaldskrárhækkanir sem skýra hækkunina á **húsnæði án reiknaðrar húsaleigu**.


Spá okkar um breytingu vísitölnunnar milli mánaða í janúar er óbreytt frá síðustu spá sem við birtum í lok desember.

### Eigum von á að verðbólga haldist undir markmiði næstu mánuði

Bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða er eftirfarandi:

- Feb.: +0,4% milli mánaða, 2,2% ársverðbólga
- Mar.: +0,5% milli mánaða, 2,2% ársverðbólga
- Apr.: +0,4% milli mánaða, 2,3% ársverðbólga

	Vægi í		Spá	
	VNV	Breyting	Áhrif	
Föt og skór	4,4%	-9,9%	-0,43%	
Húsgögn og heimilisb.	5,4%	-5,9%	-0,32%	
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-4,2%	-0,06%	
Tómst. og menning	10,1%	-0,3%	-0,03%	
Kaup ökutækja	5,6%	-0,5%	-0,03%	
Póstur og sími	1,8%	-0,5%	-0,01%	
Ferðir og flutningar (annað)	4,1%	-0,1%	0,00%	
Menntun	0,4%	0,2%	0,00%	
Hótel og veitingast.	5,7%	0,5%	0,03%	
Áfengi og tóbak	2,4%	1,2%	0,03%	
Matur og drykkjarv.	13,2%	0,3%	0,03%	
Heilsa	4,0%	1,0%	0,04%	
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,8%	0,05%	
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,4%	0,07%	
Bensín og díselolía	3,4%	2,0%	0,07%	
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,0%	1,4%	0,21%	
Alls	100,0%		-0,36%	



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands



## Helstu óvissuþættir

Helstu óvissuþættir varðandi spá okkar um breytingu milli mánaða í janúar og í bráðabirgðaspá okkar til næstu þriggja mánaða eru:

### 1. Húsnæðisverð

Eftir að hafa hækkað verulega milli mánaða í október og nóvember lækkaði reiknuð húsaleiga óvænt töluvert milli mánaða í desember. Það hafa einnig verið nokkrar sveiflur í vísitölu íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu sem lækkaði milli mánaða í nóvember eftir að hafa hækkað í ágúst, september og október. Eftir að hafa aukist verulega milli mánaða í október minnkaði veltan á höfuðborgarsvæðinu aftur í nóvember. Óhætt er því að segja að það séu nokkuð misvísandi skilaboð um íbúðamarkað, sem eykur óvissu í spám.

### 2. Gengi krónunnar

Krónan hefur verið tiltölulega stöðug síðasta ár. Við eigum frekar von að svo verði áfram, en ef breyting verður á og krónan annað hvort styrkist eða veikist verulega frá núverandi gildum, mun það hafa áhrif á þróun verðbólgunnar.

### 3. Þróun launa

Enn sem komið er sjást fá merki um almennt launaskrið umfram kjarasamningsbundnar launahækkanir. Verulegt launaskrið myndi þýða hærri verðbólgu en við sjáum nú í kortunum.


### 4. Staða fyrirtækja

Í kjölfar aukins stöðugleika á vinnumarkaði hefur Seðlabankinn lækkað vexti. Það ætti að vera hvati fyrir fyrirtæki að stilla verðhækkunum í hof til að viðhalda stöðugleikanum. Spurningin er bara hversu vel í stakk búin þau eru til þess.


### 5. Flugfargjöld til útlanda

Okkur og öðrum greiningaraðilum hefur gengið verr að spá fyrir um mælingar Hagstofunnar á flugfargjöldum til útlanda eftir að WOW air fór í þrot, en Hagstofan þurfti að breyta aðferðafræði sinni í kjölfarið. Það er ekki útilokað að áfram geti munað verulega á spám okkar og mælingum Hagstofunnar.

Mánaðarbreyting VNV í janúar



Verðbólguþspá





## 6. Vaxtastigið og framleiðsluspennan

Vextir eru núna í sögulegu lágmarki hér á landi og er því meiri óvissa um áhrif vaxtabreytinga þar sem við höfum ekki söguleg gögn til að styðjast við. Flestar opinberar spár gera ráð fyrir að hagkerfið taki við sér að einhverju leyti í ár. Verði svo ekki mun það þýða minni verðbólguþrýsting en við gerum ráð fyrir.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.